

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og sam- 7
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 10. jan.
5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhanns Ellertssonar, 8
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. janúar 1955. 10. jan.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhanns Ellertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhanns Ellertssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á jarðarfarardegi Jóhanns Ellertssonar, þann 13. nóvem-
ber 1952, með 1000.00 króna framlagi frá U. M. F. Æskan í Staðarhreppi og kr.
1965.00 frá öðrum vinum hins látna, samtals krónum 2965.00, og er fé þetta ávaxtað
í Sparisjóði Sauðárkróks.

3. gr.

Afla skal sjóðnum tekna með frjálsum samskotum, merkjasölu, eða öðru því,
sem stjórn hans þykir tiltækilegt á hverjum tíma.

4. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í Sparisjóði Sauðárkróks eða annarri tryggri peninga-
stofnun. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að lána úr honum einstaklingum eða félags-
samtökum í Staðarhreppi gegn öruggu veði fyrir greiðslu vaxta og höfuðstóls og
þannig, að sjóðurinn geti aldrei hlotið tjón af.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar hann er orðinn kr. 10000.00 má
úr því verja árlega $\frac{1}{4}$ hluta vaxtatekna hans til fátæks barns eða gamalmennis
í Staðarhreppi. Þá úthlutun skulu annast formaður U. M. F. Æskunnar, hreppstjóri
Staðarhrepps og sóknarprestur Reynistaðarsóknar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera hin sama og U. M. F. Æskunnar. Skal hún árlega leggja
reikning sjóðsins fyrir aðalfund félagsins, endurskoðaðan af endurskoðendum þess.
Hætti U. M. F. Æskan störfum, skal það ungmennafélag, sem síðar er stofnað í
Staðarhreppi, annast rekstur sjóðsins á sama hátt.

Ef ekkert ungmennafélag starfar í Staðarhreppi, skal stjórn sjóðsins skipuð
hreppstjóra Staðarhrepps, sóknarpresti Reynistaðarsóknar og einum manni tilnefnd-

8 um af hreppsnefnd Staðarhrepps, og skulu þeir annast rekstur sjóðsins á þann hátt, 10. jan. sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

9

14. jan.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 11.00 á ári af hverjum fermetra (m^2) gólfplatnar, er lýsa skal. Þar, sem gólfpletir eru tiltölulega stórir miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi skv. reglum, er rafveitustjóri setur. Minnsta fastagjald skal þó vera kr. 275.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 45 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 42.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Heimilt skal að miða fastagjald við gólfplöt, og skal þá greiða kr. 5.00 á ári af hverjum fermetra.

C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst.mæli, þannig:

Fyrir fyrstu	1000 kwst. ársnotkun	130 aura hver kwst.
— næstu	2000 — — —	120 — — —
— —	4000 — — —	105 — — —
— —	8000 — — —	85 — — —
— —	15000 — — —	65 — — —
— —	30000 — — —	50 — — —
— umfram	60000 — — —	30 — — —

2. Um mæla þannig reiknað, enda sé vélaafli minnst 20 kw:

300 kr. árskw. fyrir	fyrstu	50 kw.
250 — — —	næstu	50 —
200 — — —	umfram	100 —

Auk þess greiðist kwst.gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu	200 000 kwst. á 15 aura hver kwst.
Umfram	200 000 — — 11 — — —

3. Um einn kwst.mæli á 80 aura hver kwst. fyrstu notkunar, en á 50 aura hver kwst. af notkun umfram 1000 kwst. á ári á hvert kw. vélaafli. Minnsta greiðsla samkvæmt þessum lið skal þó vera 800 kr. á ári fyrir hvert kw. vélaafli.

D. Hitun.

1. Til hitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins, um sérmæli fyrir hitalögnina: